

MARGARET BJARGAR DEGINUM



Fyrstu trúboðarnir komu til Wales árið 1840.

Michele Hill
(Byggt á sannri sögu)

Margaret stóð á þilfarinu og horfði út á bláa hafið umhverfis. Skipið vaggði upp og niður á risastórum öldum.

Fjölskylda Margaretar hafði selt næstum allt sem þau áttu til að sigla til Bandaríkjanna. Ferðin myndi taka sex vikur. Margaret var sorgmædd yfir að yfirgefa heimili þeirra í Wales. Hún var þó líka spennt fyrir nýja heimilinu sínu.

Nokkrum mánuðum áður hafði fjölskylda Margaretar hitt trúboða frá Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Margrét og foreldrar hennar voru skírð. Nú hugðust þau sameinast hinum heilögu í Síon.

Ferðin hafði verið erfið fram að þessu. Móðir Margaretar var veik. Faðir hennar var líka veikur eftir margra ára vinnu í kolanámunum. Margaret hugsaði því um þau. Hún sá líka um litla bróður sinn og litla systur. Þetta var mikið verk. Margaret kvartaði þó ekki.

Stundum vaggði báturinn svo mikið á sjónum að Margaret fékk illt í magann. Öðrum stundum var hún hrædd. Þegar hún var hrædd, lokaði hún augunum og bað himneskan föður um hjálp.

Dag einn heyrði Margaret hróp. „Það er leki í skipinu! Við erum að sökkva!“

Allir urðu gripnir skelfingu. Skipstjórinn sagði öllum að finna fötur. Fólk fyllti fötur af sjó til að hella úr yfir borðstokkinn.

Margaret vildi hjálpa. Hún kraup við rúmið sitt og baðst fyrir eins innilega og hún gat. „Himneski faðir, viltu hjálpa mér að hugsa um einhverja leið til að hjálpa til.“



Margaret Griffiths var 11 ára þegar hún var skírð.



Þegar Margaret óx upp giftist hún og eignaðist átta börn.



Hún þjónaði sem Líknarfélagssforseti í 26 ár.

Skipið var að sökkva! Hvað gæti Margaret gert?



Friðsæl tilfinning fyllti hjarta Margaretar. Hún vissi að himneskur faðir vakti yfir henni. Hann myndi hjálpa þeim.

Hún fékk þá hugmynd.

Hún tók tvö hvít ullarteppi af rúminu sínu og hljóp til að finna skipstjórann. „Hérna,“ sagði hún. „Settu þetta í gatið til að stöðva lekann.“

Skipstjóranum fannst hugmynd Margaretar góð. Hann tróð teppunum í gatið. Síðan hellti hann stórri fötu af heitri tjöru yfir þau. Þegar tjaran kólnaði lokaðist gatið!


„Þakka þér fyrir að gefa teppin þín,“ sagði skipstjórinn. „Skjót hugsun þín bjargaði deginum.“

Margaret brosti. Hún vissi að himneskur faðir hafði bænheyrt hana. Brautryðjendaferð hennar var rétt að hefjast og hún vissi að hann myndi hjálpa henni hvert skref á leiðinni. ●

Lanforþingvinnugyligogenychwmyndróbwillantysiliogogoch



Þorp í Wales hefur lengsta bæjar-nafn í heimi.



Það eru fleiri kindur en fólk í Wales!